Tafla 5. Hversu oft hefur þetta gerst hjá þér í vetur? Þú varst með nokkrum krökkum að stríða einum krakka. Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk, greint eftir kyni.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar %	Stelpur %	Heild %
5. bekkur	Aldrei	87,8%	96,3%	92,1%
	Næstum aldrei	8,8%	2,9%	5,8%
	Sjaldan	1,9%	0,5%	1,2%
	Stundum	1,2%	0,1%	0,6%
	Oft	0,3%	0,2%	0,3%
6. bekkur	Aldrei	86,4%	94,9%	90,7%
	Næstum aldrei	10,6%	4,3%	7,4%
	Sjaldan	1,9%	0,6%	1,2%
	Stundum	0,8%	0,2%	0,5%
	Oft	0,3%	0,1%	0,2%
7. bekkur	Aldrei	88,9%	96,9%	92,9%
	Næstum aldrei	9,2%	2,8%	5,9%
	Sjaldan	1,2%	0,2%	0,7%
	Stundum	0,4%	0,1%	0,2%
	Oft	0,4%	0,1%	0,2%

Að sama skapi segist mikill meirihluti nemenda *aldrei* hafa verið með nokkrum krökkum að meiða einn krakka (tafla 6). Sem fyrr er það þó líklegra að strákar hafi einhvern tíma tekið þátt í slíku. Þá má einnig sjá í töflu sjö að mikill meirihluti segist *aldrei* hafa verið með mörgum krökkum að skilja einn útundan og áfram eru það strákar sem eru líklegri til að hafa tekið þátt í slíku athæfi.

Tafla 6. Hversu oft hefur þetta gerst hjá þér í vetur? Þú varst með nokkrum krökkum að meiða einn krakka. Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk greint eftir kyni.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar %	Stelpur %	Heild %
5. bekkur	Aldrei	95,4%	98,8%	97,1%
	Næstum aldrei	2,7%	0,9%	1,8%
	Sjaldan	1,2%	0,1%	0,7%
	Stundum	0,4%	0	0,2%
	Oft	0,3%	0,2%	0,2%
6. bekkur	Aldrei	94,7%	98,7%	96,7%
	Næstum aldrei	3,8%	0,8%	2,3%
	Sjaldan	0,9%	0,3%	0,6%
	Stundum	0,3%	0,1%	0,2%
	Oft	0,2%	0,1%	0,1%
7. bekkur	Aldrei	96,5%	99,6%	98,1%
	Næstum aldrei	2,7%	0,3%	1,5%
	Sjaldan	0,5%	0,1%	0,3%
	Stundum	0	0	0
	Oft	0,3%	0,1%	0,2%

Tafla 7. Hversu oft hefur þetta gerst hjá þér í vetur? Þú varst með mörgum krökkum sem skildu einn krakka útundan. Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk, greint eftir kyni.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar %	Stelpur %	Heild %
5. bekkur	Aldrei	92,1%	95,0%	93,5%
	Næstum aldrei	6,2%	4,0%	5,1%
	Sjaldan	0,9%	0,6%	0,7%
	Stundum	0,7%	0,3%	0,5%
	Oft	0,2%	0,2%	0,2%
6. bekkur	Aldrei	91,5%	95,2%	93,4%
	Næstum aldrei	6,6%	3,9%	5,2%
	Sjaldan	1,0%	0,6%	0,8%
	Stundum	0,5%	0,2%	0,3%
	Oft	0,4%	0,1%	0,3%
7. bekkur	Aldrei	92,0%	94,0%	93,0%
	Næstum aldrei	6,5%	5,2%	5,8%
	Sjaldan	0,8%	0,6%	0,7%
	Stundum	0,3%	0,1%	0,2%
	Oft	0,4%	0,1%	0,2%

Í könnuninni var einnig spurt að því hversu algengt það væri að nemendur hefðu sjálfir orðið fyrir stríðni af einhverju tagi. Í töflum 8, 9 og 10 má sjá að meirihluti nemenda hafði ekki upplifað stríðni af hálfu nokkurra krakka (tafla 8). Þannig segjast tæp 77% nemenda í 5. bekk, rúm 80% í 6. bekk og tæp 85% nemenda í 7. bekk að slíkt hafi *aldrei* gerst hjá þeim í vetur. Engu að síður sýna þessar sömu niðurstöður að tæp 2% nemenda í 5. bekk, 1,3% nemenda í 6. bekk og 1% í 7. bekk hafi upplifað slíkt *oft*. Þegar litið er til annarra þátta (töflur 9-10) má sjá að svipað hlutfall nemenda segist *aldrei* hafa upplifað þá þætti sem spurt er um, en engu að síður er ákveðinn fjöldi nemenda sem þarf oft að glíma við stríðni af einhverjum toga. Niðurstöður sýna einnig að slíkt er hlutfallslega algengara meðal nemenda í 5. bekk samanborið við aðrar bekkjardeildir.

Tafla 8. Hversu oft hefur þetta gerst hjá þér í vetur? *Nokkrir krakkar stríddu þér einni/einum.* Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk, greint eftir kyni.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar %	Stelpur %	Heild %
5. bekkur	Aldrei	73,8%	79,7%	76,8%
	Næstum aldrei	14,2%	11,3%	12,7%
	Sjaldan	6,4%	4,2%	5,3%
	Stundum	3,6%	3,2%	3,4%
	Oft	2,1%	1,6%	1,8%
6. bekkur	Aldrei	78,9%	81,5%	80,2%
	Næstum aldrei	12,3%	10,9%	11,6%
	Sjaldan	4,2%	3,9%	4,1%
	Stundum	3,1%	2,4%	2,7%
	Oft	1,4%	1,3%	1,3%
7. bekkur	Aldrei	83,2%	85,9%	84,6%
	Næstum aldrei	10,6%	8,3%	9,4%
	Sjaldan	3,1%	2,8%	3,0%
	Stundum	2,0%	2,1%	2,0%
	Oft	1,1%	0,9%	1,0%

Tafla 9. Hversu oft hefur þetta gerst hjá þér í vetur? *Nokkrir krakkar réðust á þig eina/einn og meiddu þig.* Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk, greint eftir kyni.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar %	Stelpur %	Heild %
5. bekkur	Aldrei	81,6%	92,2%	87,0%
	Næstum aldrei	10,8%	4,6%	7,7%
	Sjaldan	3,9%	1,7%	2,8%
	Stundum	2,4%	1,2%	1,8%
	Oft	1,2%	0,4%	0,8%
6. bekkur	Aldrei	86,7%	94,9%	90,8%
	Næstum aldrei	8,2%	2,8%	5,5%
	Sjaldan	3,0%	0,8%	1,9%
	Stundum	1,4%	1,1%	1,2%
	Oft	0,8%	0,4%	0,6%
7. bekkur	Aldrei	91,0%	95,9%	93,5%
	Næstum aldrei	5,5%	2,4%	3,9%
	Sjaldan	2,4%	0,8%	1,6%
	Stundum	0,5%	0,6%	0,5%
	Oft	0,7%	0,4%	0,5%

Tafla 10. Hversu oft hefur þetta gerst hjá þér í vetur? *Margir krakkar skildu þig eftir útundan.*
Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk greint eftir kyni.


Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar %	Stelpur %	Heild %
5. bekkur	Aldrei	74,4%	68,7%	71,5%
	Næstum aldrei	15,3%	18,3%	16,8%
	Sjaldan	4,6%	5,3%	5,0%
	Stundum	3,3%	4,5%	3,9%
	Oft	2,4%	3,2%	2,8%
6. bekkur	Aldrei	79,0%	67,6%	73,2%
	Næstum aldrei	12,4%	18,2%	15,3%
	Sjaldan	4,7%	6,4%	5,6%
	Stundum	2,5%	4,9%	3,7%
	Oft	1,5%	2,9%	2,2%
7. bekkur	Aldrei	81,4%	71,4%	76,3%
	Næstum aldrei	11,2%	16,8%	14,0%
	Sjaldan	3,5%	5,6%	4,6%
	Stundum	1,8%	3,5%	2,7%
	Oft	2,1%	2,7%	2,4%

Nemendur eru í könnuninni beðnir um að tilgreina hvort og þá hvar þeir hafa orðið fyrir stríðni. Í töflu 11 hafa allir svarmöguleikar verið settir fram og niðurstöður greindar eftir bekkjardeildum og kyni. Nemendur í 5. bekk eru hlutfallslega líklegri í samanburði við nemendur í 6. og 7. bekk til að hafa upplifað stríðni og á það við bæði um stráka og stelpur. Algengast er að nemendur segi að þeim sé strítt á *skólalóðinni*, þar er hlutfallið hæst meðal stráka í 5. bekk, þar sem rétt rúm 8% svara því til á móti tæpum 7% stelpna.

Tafla 11. Svör nemenda í 5., 6. og 7. bekk við spurningunni: á hvaða stöðum er þér helst strítt?
(Stundum eða oft)


Ef strítt, þá hvar?	5. bekkur		6. bekkur		7. bekkur	
	Strákar %	Stelpur %	Strákar %	Stelpur %	Strákar %	Stelpur %
Í kennslustundum	1,9	1,7	1,7	1,4	1,2	1,5
Á göngunum	2,8	2,2	2,5	2,1	2,2	2,0
Í leikfimi eða sundi	2,3	2,2	2,2	1,8	1,5	1,1
Í búningstæfum eða sturtu	2,2	1,2	2,3	1,3	1,6	0,8
Í frímínútum á skólalóðinni	8,1	6,7	5,4	5,1	3,7	3,5
Á leið í og úr skóla	2,6	2,1	1,8	1,9	1,3	1,5
Á netinu	1,1	1,0	1,3	2,0	1,2	2,5
Í síma eða með SMS skilaboðum	2,2	2,0	2,1	1,9	2,0	1,4
Í matsal eða í matartímum	7,0	7,4	5,9	5,7	3,2	3,9

Yfirgnæfandi meirihluti stelpna og stráka segjast *aldrei, eða næstum aldrei* hafa upplifað eftirfarandi: *Einhver strítt þér með SMS skilaboðum, Einhver strítt þér á netinu, t.d. á spjallrásum eða Einhver sent þér ljót skilaboð með SMS.* Eins og myndin sýnir þá segjast um 98 – 99% nemenda í 5., 6. og 7. bekk, *aldrei eða næstum aldrei* hafa orðið fyrir slíku áreiti. Þar sem myndin sýnir eingöngu niðurstöður fyrir bekkjardeildirnar sameiginlega er vert að taka fram að hlutfallið er um 98% í öllum tilfellum (mynd 43).



Mynd 43. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. bekk og 7. bekk sem segjast aldrei, eða næstum aldrei hafa upplifað eftirfarandi: Einhver strítt þér með SMS skilaboðum, Einhver strítt þér á netinu, t.d. á spjallrásum eða Einhver sent þér ljót skilaboð með SMS.

Mikill meirihluti nemenda segist *aldrei* hafa strítt krakka í vetur af því að hann væri útlendingur eða hefði fæðst í útlöndum (mynd 44). Slík stríðni virðist þó vera greinanleg og segjast á bilinu 6–8% stráka og 2–3% stelpna hafa strítt (*sjaldan eða næstum aldrei*) krakka í vetur sökum þess að hann væri útlendingur eða hafi fæðst í útlöndum. Þá segjast um 2% stráka í öllum bekkjardeildum *stundum* eða *oft* hafa strítt krakka síðastliðinn vetur af því að hann var útlendingur eða fæddist í útlöndum.



Mynd 44. Hefur þú strítt einhverjum krakka í vetur af því að hann eða hún er útlendingur eða fæddist í útlöndum? Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk. greint eftir kyni.

NÁM OG SKÓLI

Skólaumhverfið er vinnustaður barnanna og það skiptir miklu máli að börnum líði vel í sínu daglega umhverfi. Í rannsóknum á vegum Umboðsmanns barna²² og Rannsókna og greiningar²³ kom í ljós að flestum börnum líður vel í skólanum, þó voru 10–15% barna sem fannst þau sjaldan eða aldrei vera örugg á skólalóðinni og í skólastofum. Einnig sögðu um 11–15% barna að þeim fyndist kennarinn gera lítið úr einhverjum nemenda. Í stjórnarskrá lýðveldisins stendur að „*börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst*“ því er mikilvægt fyrir þá sem að starfa með börnum að gæta að öllum líði vel og að hvorki samnemendur né kennarar hafi það vald að skapa vanlíðan meðal nemenda. Fjölmargar rannsóknir undanfarinna ára og áratuga hafa leitt í ljós að skuldbinding barna við nám og skóla hefur mikilvæg og jákvæð áhrif á líf barna almennt og dregur úr líkum á áhættuhegðun, svo sem vímuefnaneyslu og ofbeldishegðun²⁴. Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að nemendur sem eru jákvæðir gagnvart skólanum og líður vel í honum eru alla jafna líklegri en aðrir nemendur til að leggja á sig það sem þarf til að gera vel í námi sínu²⁵.

Á undanförnum árum hafa niðurstöður *Ungt fólk* rannsókna oft verið til umræðu í tengslum við kynjamun í skólastarfi. Í ljós hefur komið að piltum líður gjarnan verr í skólanum en stúlkum og þeir ná að sama skapi síðri árangri en þær í fleiri tilvikum. Í rannsókninni *Ungt fólk utan skóla* á högum og líðan unglinga sem standa utan framhaldsskóla, kom einnig í ljós að hærra hlutfall pilta en stúlkna heltast úr námi á framhaldsskólastigi. Þá sagði hærra hlutfall pilta sem hætt hafa námi, að sér hafi liðið illa í grunnskóla og ekki fundið tilgang með námi sínu þar, en þessir tveir þættir veiga þungt í skýringum á mismunandi námsárangri pilta og stúlkna í grunnskólum²⁶. Tengsl ungmenna við skólann sinn, líðan þeirra í skólanum, og skuldbinding þeirra við námið eru mikilvægir þættir í líðan þeirra og sjálfsmynd²⁷. Skólinn er lykilvettvangur ungmenna, sem hefur mótandi og oft varanleg áhrif á framtíð þeirra.

22) Umboðsmaður barna. 2010

23) Hrefna Pálsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Sigfússon og Álfgeir Logi Kristjánsson, 2011.


24) Álfgeir Kristjánsson, Jón Sigfússon, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Hrefna Pálsdóttir, 2012.

25) Sigfúsdóttir o.fl., 2007, Sanders, 1998.

26) Pálsdóttir o.fl., 2012.


27) Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2005, 2006; Coleman 1988; Hirchi 1969.

Hlutfall nemenda sem segja námið of erfitt má sjá á mynd 45. Ef litið er á niðurstöður fyrir bekkjardeildirnar í heild sýna niðurstöður að 8% nemenda í 5. og 6. bekk telja námið *oft eða alltaf erfitt* á meðan slíkt á við um 10% nemenda í 7. bekk. Þá sýnir myndin að strákar eru líklegri en stelpur til að telja námið *oft eða alltaf* erfitt, en um 10% stráka í öllum bekkjardeildum segja svo vera á meðan hlutfallið er 6–9% meðal stelpna.




Mynd 45. Finnst þér námið vera of erfitt? Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þeim finnst námið vera *oft eða alltaf of erfitt*, greint eftir kyni.

Á mynd 46 má aftur á móti sjá hlutfall þeirra nemenda sem segja að þeim finnst námið *oft eða alltaf* of létt. Hlutfallið er hæst meðal nemenda í 5. bekk (um 18%), 15% svara því til í 6. bekk og 11% sjöundubekkinga segja að þeim finnst námið *oft eða alltaf* of létt. Hér má greina svipað mynstur og niðurstöður sýndu fyrir nemendur sem finnst námið of erfitt og eru strákar þannig hlutfallslega líka líklegri til að segja að þeim finnst námið *oft eða alltaf* of létt. Um 19% stráka í 5. bekk telja að námið sé *oft eða alltaf* of létt, 17% sjöttubekkinga en 13% stráka í 7. bekk.




Mynd 46. Finnst þér námið vera of létt? Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þeim finnst námið vera oft eða alltaf of létt, greint eftir kyni.

Þegar litið er til þess hvort nemendum finnst námið oft eða alltaf skemmtilegt (mynd 47) má greina skýran kynjamun. Þannig eru stelpur hlutfallslega mun líklegri en strákar til að svara því til. Myndin sýnir einnig mjög sterkt hvernig hlutfall nemenda sem finnst námið skemmtilegt lækkar eftir því sem nemendur eldast og á það bæði við um stráka og stelpur. Þannig segja um 43% nemenda í 5. bekk að þeim finnst námið *oft eða alltaf* skemmtilegt, 36% í 6. bekk og lægst er hlutfallið meðal sjöundubekkinga þar sem 30% svara því til.




Mynd 47. Finnst þér námið vera skemmtilegt? Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þeim finnst námið vera *oft eða alltaf skemmtilegt*, greint eftir kyni.

Á bilinu 8–10% nemenda í 5., 6. og 7. bekk segja að þeim líði *frekar eða mjög* illa í kennslustundum (mynd 48). Hlutfallið er hærra hjá strákum í samanburði við stelpur. Þannig segja 12% stráka í 5. bekk slíkt eiga við um þá á meðan hlutfallið er 8% hjá stelpum. Þegar lítið er til niðurstaðna fyrir sjöttubekkinga segjast 11% stráka og 9% stelpna að þeim líði *frekar eða mjög* illa í kennslustundum og í 7. bekk er hlutfallið 9% hjá strákum á meðan 7% stelpna svara því til.




Mynd 48. Hvernig líður þér oftast í kennslustundum? Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þeim líði *frekar eða mjög* illa, greint eftir kyni.

Þá sýna niðurstöður að fáum nemendum virðist líða *oft eða alltaf* illa í frímínútum (mynd 49). Sem fyrr er þó vert að hafa í huga að um 5% nemenda í öllum bekkjardeildum segja að þeim líði *frekar eða mjög* illa í frímínútum. Í þessu sambandi eru það stelpurnar sem eru hlutfallslega líklegri í samanburði við strákana að upplifa vanlíðan í frímínútum og á það við um allar bekkjardeildir.




Mynd 49. Hvernig líður þér oftast í frímínútum? Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þeim líði frekar eða mjög illa í frímínútum, greint eftir kyni.

Að sama skapi er það lágt hlutfall nemenda sem segir að sér líki frekar eða mjög illa við kennarana (mynd 50). Hlutfall þeirra sem segja svo vera er þó hæst meðal nemenda í 7. bekk þar sem 9% segja að sér líki frekar eða mjög illa við kennarana. Hlutfallið lækkar í 6% þegar lítið er til sjöttubekkinga og er enn lægra meðal nemenda í 5. bekk þar sem 5% svara því til. Hér vekur jafnframt athygli sá munur er kemur fram milli stráka og stelpna. Þannig segja 7% stráka á móti 3% stelpna í 5. bekk að þeim líki frekar eða mjög illa við kennarana. Í 6. bekk er hlutfallið 8% meðal stráka á meðan 4% stelpna svara því til. Í 7. bekk segja 10% stráka að þeim líki frekar eða mjög illa við kennarana á meðan slíkt á við um 8% stelpna.




Mynd 50. Hvernig líkar þér við kennarana í skólanum? Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þeim líki frekar eða mjög illa við kennarana, greint eftir kyni.

Mikill meirihluti nemenda segir að kennararnir hrósi þeim stundum eða oft í skólanum (mynd 51). Lítil munur kemur fram á milli bekkjardeilda þar sem á bilinu 72–77% segja að þeir fái stundum eða oft hrós frá kennurum sínum. Niðurstöður sýna þó að stelpur eru hlutfallslega líklegri en strákar til að segja að kennararnir hrósi þeim í skólanum. Þannig segja um 82% stelpna á móti 71% stráka í 5. bekk að kennararnir hrósi þeim *stundum eða oft* í skólanum. Ef litið er til sjöttubekkinga þá er hlutfallið 74% meðal stráka á móti 78% stelpna. Í 7. bekk segja 68% stráka og um 76% stelpna að kennararnir hrósi þeim *stundum eða oft* í skólanum (mynd 51). Athyglisvert er að skoða að nemendur telja kennarana síður hrósa þeim með hækkandi aldri og á það við um bæði kynin.




Mynd 51. Hversu oft hrósa kennararnir þér í skólanum? Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk sem segja að kennararnir hrósi þeim stundum eða oft í skólanum, greint eftir kyni.

Í framhaldi af þeim niðurstöðum sem raktar eru hér að framan eru athyglisvert að skoða hvernig viðhorf til náms hefur áhrif á aðra þætti. Á mynd 52 má sjá hlutfall stráka og stelpna sem segja að þeim finnist námið *oft eða alltaf* skemmtilegt, greint eftir því hversu oft þau upplifa námið of erfitt. Myndin sýnir glögg að eftir því sem nemendur upplifa námið oft of erfitt eru þeir ólíklegri til að telja námið skemmtilegt. Þannig segja einungis 4% stráka og 9% stelpna sem upplifa námið oft of erfitt að þeim finnist námið skemmtilegt (oft eða alltaf). Að sama skapi má sjá að þeir nemendur sem upplifa námið aldrei of erfitt eru hlutfallslega mun líklegri til að telja nám sitt *oft eða alltaf* skemmtilegt. Þannig á það við um 54% stráka og 76% stelpna (mynd 52).




Mynd 52. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þeim finnst námið *oft eða alltaf skemmtilegt*, greint eftir því hvort þeim finnst námið erfitt.

Þá er hlutfallslega mun líklegra að nemendur, sem finnst námið *alltaf* of erfitt langi til að hætta í skólanum (mynd 53). Þannig segja um 81% stráka og 74% stelpna sem finnst námið *alltaf* of erfitt að þau langi til að hætta í skólanum (oft eða alltaf). Á meðan slíkt á við um 15% stráka og 11% stelpna sem finnst námið *aldrei* of erfitt.



Mynd 53. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þau *stundum eða oft til að hætta í skólanum*, greint eftir því hvort þeim finnst námið erfitt.


Á mynd 54 má sjá niðurstöður sem sýna að nemendur sem finnst nám sitt *aldrei, næstum aldrei eða sjaldan* skemmtilegt eru líklegri til að langa til að hætta í skóla. Þannig má sjá (mynd 54) að af þeim strákum sem langar oft eða alltaf til að hætta í skólanum finnst 59% þeirra námið *aldrei eða næstum aldrei* skemmtilegt, 27% finnst námið *stundum* skemmtilegt og um 12% segja að námið sé *oft eða alltaf* skemmtilegt. Sama mynstur má greina þegar litið er til þeirra stelpna sem langar *oft eða alltaf* til að hætta að skólanum og hlutfall þeirra svipað. Af þeim stelpum sem langar til að hætta í skóla (*oft eða alltaf*) eru 57% sem segja að þeim finnst námið *aldrei, næstum aldrei eða sjaldan* skemmtilegt, 26% finnst það eiga við stundum og 10% finnst námið *oft eða alltaf* skemmtilegt.



Mynd 54. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þau *langi stundum eða oft til að hætta í skólanum*, greint eftir því hvort þeim finnst námið skemmtilegt.


Þegar hlutfall nemenda sem langar *oft eða alltaf* til að hætta í skólanum er greint eftir því hversu oft það hafði gerst í vetur að nokkrir krakkar stríddu þeim má sjá (mynd 55) að þeir nemendur sem hafa upplifað stríðni eru hlutfallslega mun líklegri til að langa til að hætta. Ef byrjað er á því að skoða niðurstöður fyrir stráka kemur fram að 68% þeirra sem verða oft fyrir stríðni langar til að hætta í skólanum (*oft eða alltaf*) á meðan slíkt á við um 25% stráka sem *aldrei* hafa upplifað stríðni í vetur. Sem fyrr kemur sama mynstur fram þegar niðurstöður eru skoðaðar fyrir stelpur og segja 67% þeirra sem hafa oft orðið fyrir stríðni að þær langi til að hætta í skólanum. Ef litið er til stelpna sem *aldrei* hafa upplifað stríðni þá er hlutfallið 17% meðal þeirra sem langar *oft eða alltaf* til að hætta í skólanum.

Hefur það gerst í vetur að nokkrir krakkar stríddu þér einni/einum?



Mynd 55. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þau langi stundum eða oft til að hætta í skólanum, greint eftir því hvort þeim hafi verið strítt í vetur.

Á mynd 56 má sjá þróun yfir tíma, árin 2007, 2009, 2011, 2013 og 2015. Myndin sýnir niðurstöður spurningar sem snýr að því hversu oft nemendur telja að kennarar í skólanum hrósi þeim. Þar má sjá svör þeirra sem segja að kennarar hrósi *aldrei, næstum aldrei eða sjaldan*. Eins og sést á myndinni, þá telja hlutfallslega fleiri nemendur í dag, árið 2015 að kennarar hrósi þeim samanborið við t.d. árið 2007. Þessar niðurstöður eiga bæði við um stráka og stelpur þó myndin sýni einnig að strákar eru hlutfallslega líklegri í samanburði við stelpur til að upplifa það að kennararnir þeirra hrósi þeim *aldrei, næstum aldrei eða sjaldan*.



Mynd 56. Hlutfall stráka og stelpna í 5.-7. bekk eftir því hversu oft þeir telja að kennararnir hrósi þeim í skólanum, *aldrei, næstum aldrei, sjaldan*.

LESTUR OG MIÐLAR

Með nýrri tækni koma oft á tíðum ný tækifæri og nýjar ógnir inn í samfélög. Snjallsímar og snjalltæki eru engin undantekning þar á. Á sama tíma og skólakerfi Íslands eru að tileinka sér kennslu á snjalltækjum eru stjórnvöld í Taiwan búin að setja lög þar sem að má sekta foreldra sem leyfa börnum sínum að vera ótakmarkað í snjalltækjum. Rannsóknir sýna jákvæð tengsl á milli tíma varið fyrir framan skjá og vanlíðan á borð við magaverk, svima, skjálfta og höfuðverk²⁸. Tíminn er ekki það eina sem er áhyggjuefni þegar að kemur að notkun snjalltækja þar sem stór hluti samskipta ungs fólks við jafningja sína á sér stað í hljóði í gegnum slíka miðla. Eitt dæmi um þetta er stríðni og einelti sem á sér stað í gegnum andstyggileg skilaboð, athugasemdir, myndbirtingu og mynddreifingu. Stríðni og einelti hefur áhrif á líðan einstaklinga og getur leitt af sér þunglyndi, kvíða og erfiðleika í skólaumhverfinu²⁹, en áhrifin geta varað löngu eftir að stríðni og einelti léttir.

Fullorðnir verða síður vitni af samskiptunum fyrir en eftir á og því er það hlutverk foreldra og uppfræðenda að leiðbeina börnum um góð og örugg samskipti á netinu.

Eftirfarandi kafli greinir frá niðurstöðum er varða lestur nemenda og fjölmiðlanotkun þeirra og þær dregnar saman og greindar eftir bekk nemenda og kyni. Í töflu 12 má sjá niðurstöður spurningarinnar: „Hversu margar klukkustundir notar þú að jafnaði á dag til að lesa bækur, aðrar en skólabækur?“ Niðurstöður sýna að um 23% nemenda í 5. bekk segja að þeir noti að jafnaði *engan tíma* í að lesa aðrar bækur en skólabækur. Um 64% fimmtubekkinga segist verja *hálfu til eina klukkustund* á dag í slíkan lestur en rétt rúm 2% nota meira en *fjórar klukkustundir*. Mjög svipaðar niðurstöður má sjá þegar litið er til nemenda í 6. bekk, en um 20% nemenda segja að þeir noti að jafnaði *engan tíma* í að lesa bækur aðrar en skólabækur og rétt tæp 23% nemenda í 7. bekk segjast *engan tíma* nota í lestur annarra bóka en skólabóka. Niðurstöður sýna einnig hér að strákar, í samanburði við stelpur, nota minni tíma í lestur bóka annarra en skólabóka á hverjum degi og er það óháð aldri (tafla 12).


28) Richard E. Tæhtinen, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Ásgeir R. Helgason og Álfgeir L. Kristjánsson. 2014

29) Smokowski og Kopaz. 2005

Tafla 12. Hversu margar klukkustundir notar þú að jafnaði á dag í að lesa bækur, aðrar en skólabækur? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.


Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar %	Stelpur %	Heild %
5. bekkur	Enga	27,7%	18,5%	23,1%
	1/2 til 1 klst.	60,6%	66,7%	63,7%
	2-3 klst.	9,5%	12,8%	11,2%
	Meira en 4 klst.	2,2%	2,0%	2,1%
6. bekkur	Enga	23,9%	16,4%	20,1%
	1/2 til 1 klst.	64,8%	66,8%	65,8%
	2-3 klst.	9,6%	13,8%	11,7%
	Meira en 4 klst.	1,7%	2,9%	2,3%
7. bekkur	Enga	27,8%	17,8%	22,7%
	1/2 til 1 klst.	63,3%	65,6%	64,5%
	2-3 klst.	7,1%	13,6%	10,4%
	Meira en 4 klst.	1,8%	3,1%	2,4%

Á mynd 57 er búið að setja fram niðurstöður spurningarinnar: „Hversu margar klukkustundir notar þú að jafnaði á dag til að lesa bækur, aðrar en skólabækur“ og sýnir hún hlutfall stelpna og stráka sem segja *enga*. Eins og myndin sýnir þá er talsverður kynjamunur greinanlegur og á það við um alla árgangana. Um 28% stráka í 7. bekk, svara þessu svona til, en um 18% stelpna.




Mynd 57. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk eftir því hversu margar klst að jafnaði á dag þau noti til að: „Lesna bækur, aðrar en skólabækur“. Þau sem svara *Enga*.

Ef litið er til þess hversu skemmtilegt eða leiðinlegt nemendum finnst að lesa má sjá (mynd 58) hlutfall nemenda sem upplifa lestur sem *mjög eða frekar* leiðinlegan hækkar eftir því sem ofar er komið í aldri. Eins og myndin sýnir þá segja um 17% nemenda í 5. bekk, 23% nemenda í 6. bekk og 30% nemenda í 7. bekk að þeim finnst *frekar eða mjög* leiðinlegt að lesa. Kynjamunur er áberandi og virðist stráku finnst leiðinlegra að lesa en stelpum.




Mynd 58. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk eftir því hvort þeim finnst *frekar eða mjög* leiðinlegt að lesa.

Þá er fróðlegt að skoða hvort nemendum finnst *auðvelt eða erfitt* að lesa. Á mynd 59 má sjá niðurstöður þeirrar spurningar þar sem greint er frá því hve margir eiga *mjög eða frekar* erfitt með lestur. Eins og myndin sýnir þá segja um 10% nemenda í 5. bekk, 12% nemenda í 6. bekk og 11% nemenda í 7. bekk að þeim finnst *frekar eða mjög* erfitt að lesa bækur. Svipaðir niðurstöður má sjá fyrir bæði kynin og lítill sem enginn munur kemur hér fram eftir bekkjardeildum.



Mynd 59. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk eftir því hvort þeim finnst *frekar eða mjög erfitt* að lesa.

Á mynd 60 má sjá hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk eftir því hve erfitt eða auðvelt þau eiga með lestur, greint eftir því hvort þeim finnst leiðinlegt (frekar/mjög) að lesa. Eins og myndin sýnir þá segjast 61% stráka sem finnst frekar eða mjög leiðinlegt að lesa að þeim finnist það einnig frekar eða mjög erfitt. Það sama gildir um stelpur. Um 47% stelpna sem finnst frekar eða mjög leiðinlegt að lesa, finnst það jafnframt frekar og mjög erfitt.



Mynd 60. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þeim *finnst frekar eða mjög erfitt / auðvelt að lesa*, greint eftir því hvort þeim finnst leiðinlegt (frekar/mjög) að lesa.

Í töflu 13 má sjá niðurstöður spurningar sem snýr að því hversu miklum tíma nemendur verja í lestur texta á netinu, t.d. á bókum, blöðum og sögum. Eins og sést í töflunni þá eru rúmlega 64% nemenda í 5. bekk, um 55% í 6. bekk og tæp 41% nemenda í 7. bekk sem verja *engum* tíma á dag í slíkan lestur. Þá segjast rúm 28% nemenda í 5. bekk og rúm 34% nemenda 6. bekk verja *hálfri til einni klukkustund* á dag í slíkan lestur og tæpur helmingur nemenda í 7. bekk .

Tafla 13. Hversu margar klukkustundir notar þú að jafnaði á dag í að lesa texta á netinu, t.d. *bækur, blöð og sögur*? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar %	Stelpur %	Heild %
5. bekkur	Enga	62,9%	65,8%	64,4%
	1/2 til 1 klst.	29,2%	27,4%	28,3%
	2-3 klst.	5,7%	5,5%	5,6%
	Meira en 4 klst.	2,2%	1,2%	1,7%
6. bekkur	Enga	52,3%	58,6%	55,5%
	1/2 til 1 klst.	36,3%	32,8%	34,5%
	2-3 klst.	8,8%	7,1%	7,9%
	Meira en 4 klst.	2,6%	1,5%	2,0%
7. bekkur	Enga	39,5%	41,5%	40,5%
	1/2 til 1 klst.	44,8%	43,9%	44,3%
	2-3 klst.	12,6%	11,8%	12,2%
	Meira en 4 klst.	3,0%	2,8%	2,9%

Í töflum 14 og 15 má sjá niðurstöður spurninga er lúta að fjölmiðlanotkun nemendanna. Ef byrjað er á að skoða hversu miklum tíma nemendur verja að jafnaði í að horfa á sjónvarp / myndband eða DVD má sjá (tafla 14) að á bilinu 53–59% nemenda segist verja sem nemur *hálfri til einni klukkustund* að jafnaði daglega í slíkt áhorf. Ef litið er til tíðara áhorfs þá eru strákar líklegri til að svara því til og þá sér í lagi þegar áhorfið nemur *fjórum klukkustundum eða lengur* daglega. Þannig segjast 4–6% stráka í 5., 6. og 7. bekk að þeir horfi á sjónvarp / myndband eða DVD lengur en *fjórar klukkustundir* á dag. Hlutfallið meðal stelpnanna er lægra í þessu sambandi.

Tafla 14. Hversu miklum tíma verð þú að jafnaði í að horfa á sjónvarp / vídeó / DVD á hverjum degi? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar %	Stelpur %
5. bekkur	Enga	18,6%	22,7%
	1/2 til 1 klst.	53,3%	59,2%
	2–3 klst.	21,9%	15,8%
	Meira en 4 klst.	6,2%	2,4%
6. bekkur	Enga	15,6%	18,6%
	1/2 til 1 klst.	57,1%	59,4%
	2–3 klst.	23,1%	19,0%
	Meira en 4 klst.	4,2%	3,0%
7. bekkur	Enga	15,9%	13,7%
	1/2 til 1 klst.	54,5%	57,4%
	2–3 klst.	24,8%	25,2%
	Meira en 4 klst.	4,9%	3,8%


Þegar skoðað er hversu miklum tíma nemendur verja að jafnaði daglega í að spila tölvuleiki má sjá af töflu 15 að algengast er að nemendur verji sem nemur *hálfri til einni klukkustund* á dag í slíkt. Þannig svara á bilinu 37–47% stráka því til á meðan hlutfallið er 26–37% meðal stelpna. Þegar hlutfall þeirra sem verja meiri tíma í að spila tölvuleiki á netinu er skoðað kemur í ljós að slík notkun er mun algengari meðal stráka en stelpna. Þannig segjast tæp 26% stráka í 5. bekk verja *tveimur til þremur klukkustundum* á dag í að spila tölvuleiki á netinu á meðan slíkt á við um rétt rúm 5% stelpnanna. Í 6. bekk er hlutfallið í þessu sambandi rúm 30% meðal stráka en um 5% hjá stelpunum. Munurinn á milli stráka og stelpna er einnig mikill þegar niðurstöður eru skoðaðar fyrir sjöundubekkinga, þar sem 33% stráka og tæp 5% stelpna segjast verja *tveimur til þremur klukkustundum* á dag í að spila tölvuleiki á degi hverjum.

Tafla 15. Hversu miklum tíma verð þú að jafnaði í að *spila tölvuleiki* á hverjum degi? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar %	Stelpur %
5. bekkur	Enga	14.1%	55.5%
	1/2 til 1 klst.	46.7%	37.5%
	2–3 klst.	25.8%	5.2%
	Meira en 4 klst.	13.4%	1.7%
6. bekkur	Enga	11.0%	59.7%
	1/2 til 1 klst.	44.0%	33.3%
	2–3 klst.	30.4%	5.1%
	Meira en 4 klst.	14.6%	2.0%
7. bekkur	Enga	11.8%	66.7%
	1/2 til 1 klst.	37.6%	26.5%
	2–3 klst.	33.0%	4.8%
	Meira en 4 klst.	17.6%	2.0%


Á mynd 61 má sjá hlutfall nemenda sem hefur *oft eða mjög oft* langað til að brjóta eða skemma hluti síðastliðna 7 daga fyrir könnun greint eftir því hversu miklum tíma þeir verja í að spila tölvuleiki daglega. Niðurstöður sýna að nemendur sem verja *meira en fjórum klukkustundum* eða meira í slíka tölvuleikjanotkun daglega eru hlutfallslega mun líklegri til að hafa langað til að brjóta eða skemma hluti. Niðurstöður sýna sömu tilhneigingu meðal stráka og stelpna í þessu sambandi.

Hversu miklum tíma verð þú að jafnaði á hverjum degi í að spila tölvuleiki?



Mynd 61. Hlutfall stelpna og stráka í 5., 6., og 7. bekk sem segja að þau hafi *oft eða mjög oft* langað til að brjóta eða skemma hluti síðastliðna 7 daga, greint eftir því hve miklum tíma nemendur verja á hverjum degi í að spila.

Á mynd 62 má sjá þróun yfir tíma hjá stelpum og strákum í 5., 6. og 7. bekk eftir því: „*Hversu margar klst. að jafnaði á dag þau noti í að lesa bækur, aðrar en skólabækur*“, myndin sýnir hlutfall þeirra sem segja: Enga. Myndin sýnir mjög greininalagan kynjamun. Þó er athyglisvert að benda á, að niðurstöðurnar eru afar svipaðar öll árin fyrir stráka, ef frá er skilið árið 2009 þegar 26% stráka svöruðu því til. Þá svara hlutfallslega fleiri stelpur þessu svona til í ár (18%), en gerðu í síðustu mælingu þó litlu muni (17% árið 2013). Nú árið 2015 segjast um 27% stráka *engum* tíma hafa verið í lestur bóka annarra en skólabóka.



Mynd 62. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk eftir því *hversu margar klst á dag að jafnaði þau nota í að lesa bækur, aðrar en skólabækur*. Niðurstöður þeirra sem svara: Enga.

NEYSLUVENJUR

Neysla hefur áhrif á líðan, frammistöðu í skóla og hvernig einstaklingurinn sér sig. Ungmenni sem borða hollan mat, neyta minna af sætindum og skyndibitafæði og hreyfa sig reglulega, eru bæði líklegri til að ganga betur í skóla en þeim sem stunda óhollari lífshætti, og einnig eru þau líklegri til að hafa sterkari sjálfsmynd³⁰. Koffínneysla hefur aukist undanfarin ár og rannsóknir sýna sterkt samband á milli koffínneyslu og reykinga og áfengisneyslu meðal íslenskra unglinga í efstu bekkjum grunnskóla. Eins kemur fram að unglingar sem neyta mikils koffíns eru líklegri til þess að eiga við svefn- og námserfiðleika að stríða³¹. Koffínneysla hefst fyrr og niðurstöður úr *Ungt fólk* árið 2013 meðal barna í 5. til 7. bekk sýndu að um 19% stráka neytir kóladykkja og um 7% orkudrykkja, á móti 8% og 3% hjá stelpum³². Rannsókn úr fyrrgreindum gögnum leiddi í ljós skammtaháða svörun milli koffínneyslu og tíðni höfuðverkja, magaverkja, svefnerfiðleika og lítillar matarlystar³³. Þessi miklu áhrif koffínneyslu á líðan ungmenna ber að skoða í lýðheilsusamhengi og vert er að hugsa hvort aðgangur að slíkum drykkjum ætti að vera takmarkaður að ákveðnum aldri.


Á myndum 63 – 65 má greina neysluvenjur stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk. Mynd 63 sýnir neyslu stráka og stelpna á ávöxtum, grænmeti, sælgæti, kjöti, fiski ásamt sykurlausum og sykrudum gosdrykkjum *einu sinni á dag eða oft*. Á myndinni má sjá svipað mynstur hvað varðar neyslu tiltekinna matvæla. Algengast er að nemendur neyti ávaxta og grænmetis *einu sinni á dag eða oft*. Stelpur virðast neyta slíkra matvæla í hlutfallslega meira mæli samanborið við stráka. Þannig segjast um 84% stelpna borða ávexti *einu sinni á dag eða oft* á meðan slíkt á við um 79% stráka. Að sama skapi neyta stelpur (72%) meira grænmetis borið saman við stráka (67%). Neysla annara matvæla sem tilgreind eru á mynd 63 er svipuð.

30) Inga Dóra Sigfúsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson og Allegrante, 2007. Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Allegrante, 2008b.

31) James, Álfgeir Logi Kristjánsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2011


32) Hrefna Pálsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Sigfússon og Álfgeir Logi Kristjánsson, 2013.

33) Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Mann og James, 2013.




Mynd 63. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk eftir því hversu oft þeir borða eða drekka eftirfarandi, *einu sinni á dag eða oft*.

Á mynd 64 má sjá neyslu á kóla drykkjum meðal nemenda í 5., 6. og 7. bekk. Eins og myndin sýnir þá virðast stúlkur (71%) síður drekka slíka drykki í samanburði við stráka (53%). Athygli vekur að um 14% drengja segjast drekka *eina til þrjár flöskur/dósir* af kóla drykkjum á dag, en 6% stelpna. Á mynd 65 má svo sjá daglega neyslu stráka og stelpna á orkudrykkjum. Strákar (86%) virðast líklegri en stúlkur (93%) til að neyta slíkra drykkja daglega, eða um 5% stráka segjast drekka *eina til þrjár flöskur/dósir* af orkudrykkjum á dag, á meðan hlutfallið er 2% meðal stelpna.




Mynd 64. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk eftir því hversu margar dósir eða flöskur þau segjast drekka daglega af *kóla drykkjum (pepsí, kók)*.




Mynd 65. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk eftir því hversu margar dósir eða flöskur þau segjast drekka daglega af orkudrykkjum (*Red bull, Magic, Burn, Monster og fleiri*).

KYNJAHLOTVERK


Í könnuninni nú, árið 2015 voru nemendur í fyrsta skipti spurðir spurninga er lutu að viðhorfi þeirra til hlutverka kynjanna og hvort strákar eða stelpur stæðu sig betur í tilteknum þáttum. Niðurstöður spurninga er varða verkaskiptingu kynja í hinum ýmsu heimilisstörfum má sjá á myndum 66–72. Formáli spurninganna var eftirfarandi: „Ef maður og kona búa saman og eiga börn og eru bæði í fullri vinnu, hvernig finnst þér rétt að þau skipti með sér verkum á heimilinu?“ Spurt var hvort konan, maðurinn eða bæði ættu að sjá um eftirfarandi heimilisstörf: þvo fötin, elda matinn, þrifa íbúðina, kaupa í matinn, hjálpa börnunum að læra heima, fara á foreldrafundi í skólanum, vaska upp / setja í uppþvottavél og gera við bílinn. Eins og myndir 66–72 gefa til kynna eru nemendur í 5., 6. og 7. bekk í langflestum tilfellum á því að verkaskipting slíkra starfa eigi að vera jöfn. Undantekning í þessu sambandi er viðhorf nemendanna til þess hver eigi að þvo fötin og gera við bílinn. Þannig segist á bilinu 27–38% nemenda í 5., 6. og 7. bekk þeirrar skoðunar að konan eigi frekar að sjá um að þvo föt (mynd 66). Hlutfall nemenda sem telja að maðurinn eigi frekar að sjá um bílaviðgerðir liggur á bilinu 67–77% (mynd 72). Hlutfallið er hæst meðal nemenda í 5. bekk þar sem 75% stráka og 77% stelpna telja að slíkt eigi að falla í hendur karlmannna og lægst hjá sjöundubekkingum en 67% stráka og 68% stelpna í 7. bekk telja það karlmannsverk.




Mynd 66. Ef maður og kona búa saman: Þvo fötin. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.




Mynd 67. Ef maður og kona búa saman: Elda matinn. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.




Mynd 68. Ef maður og kona búa saman: Þrifa íbúðina. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.




Mynd 69. Ef maður og kona búa saman: *Kaupa í matinn*. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.



Mynd 70 Ef maður og kona búa saman: *Hjálpa börnum við heimanám*. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.



Mynd 71. Ef maður og kona búa saman: Vaska upp/setja í uppþvottavél. Hlutfall stráka og stelpana í 5., 6. og 7. bekk.




Mynd 72. Ef maður og kona búa saman: Gera við bílinn. Hlutfall stráka og stelpana í 5., 6. og 7. bekk.

Eins og fyrr segir voru nemendur beðnir um að svara tilteknum spurningum og þá hvort strákar eða stelpur væru betri eða jafn góð í eftirfarandi þáttum: í fótbolta, í ballett, í skák, í dansi, í stærðfræði, og í lestri.


Á myndum 73–78 má sjá niðurstöður spurninganna, greindar eftir bekk og kyni þátttakenda.

Ef byrjað er á því að skoða viðhorf nemenda til þess hvort séu betri í fótbolta strákar eða stelpur má sjá (mynd 73) að mikill meirihluti stelpna í öllum bekkjardeildum er þeirrar skoðunar að strákar og stelpur séu jafn góð í fótbolta á meðan rúmlega helmingur stráka er á því að strákar séu betri.




Mynd 73. Hvað finnst þér um stelpur og stráka: „Í fótbolta eru...“ Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.


Niðurstöður sýna aðra mynd þegar kemur að því að meta hvor séu betri í ballett, stelpur eða strákar (mynd 74). Í því tilfalli svarar mikill meirihluti að stelpur séu betri. Sér í lagi á þetta við um strákana en á bilinu 74–80% segja að stelpur séu betri í ballett á meðan hlutfallið er 51–62% meðal stelpna. Þá segir mikill meirihluti nemendanna í 5., 6. og 7. bekk að stelpur og strákar séu jafn góð í skák (mynd 75) og dansi (mynd 76). Ef litið er til námsgreinanna lesturs og stærðfræði þá sýna niðurstöður að mikill meirihluti, eða á bilinu 80–92% nemenda í 5., 6 og 7. bekk er þeirrar skoðunar að strákar og stelpur séu jafn góð í þessum námsgreinum (myndir 77 og 78).




Mynd 74. Hvað finnst þér um stelpur og stráka: „Í ballett eru...“ Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.




Mynd 75. Hvað finnst þér um stelpur og stráka: „Í skák eru...“ Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.



Mynd 76. Hvað finnst þér um stelpur og stráka: „Í dansí eru...“ Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.



Mynd 77. Hvað finnst þér um stelpur og stráka: „Í stærðfræði eru...“ Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.



Mynd 78. Hvað finnst þér um stelpur og stráka: „Í lestri eru...” Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.

HEIMILDIR

- Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Allegrante, J.P (2008b). Health behavior and academic achievement among adolescents: The relative contribution of dietary habits, physical activity, body mass index and self-esteem. *Health Education and Behavior*, 37(1), 51-64.
- Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Allegrante, J.P. og Ásgeir R. Helgason (2008a). Social correlates of cigarette smoking among Icelandic adolescents: a population based cross-sectional study. *BMC Public Health*, 8, 86.
- Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Mann, M.I., og James, J.E (2014). Caffeinated Sugar- Sweetened Beverages and Common Physical Complaints in Icelandic Children Aged 10-12 Years. *Preventive Medicine*, 58, 40-44.
- Álfgeir Logi Kristjánsson, Silja Björk Baldursdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon. (2005). Ungt Fólk 2004. *Menntun, menning, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn íslenskra ungmenna*. Reykjavík: Rannsóknir og Greining.
- Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon. (2006). Ungt Fólk 2006. *Menntun, menning, tómstundir og íþróttaiðkun ungmenna á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknir og Greining.
- Álfgeir Logi Kristjánsson, Jón Sigfússon, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Hrefna Pálsdóttir. (2012). Ungt Fólk 2012. *Menntun, menning, íþróttir, tómstundir, hagir og líðan nemenda í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla*. Reykjavík: Rannsóknir og Greining.
- Allegrante, J.P. (2004). Unfit to Learn. *Education Week*, 24, 38-40.
- Áslaug Pálsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2012). Gender difference in well-being during school lessons among 10 to 12 year old children: The effects of school, family and peer related factors. *Scandinavian Journal of Public Health*, 40, 605-613.
- Bandura, A. (1977). *Social Learning Theory*. New Jersey: Prentice-Hall.

- Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Gísli Guðjónsson og Jón Friðrik Sigurðsson. (2011). Associations between sexual abuse, substance use and self-injurious behavior. The mediating role of depressed mood and anger. *Child Abuse & Neglect*, 35, 210-219.
- Coleman, J. (1988). Social Capital in the Creation of Human Capital. *American Journal of Sociology* 94, 95-120.
- Geir Gunnlaugsson, Álfgeir L. Kristjánsson, Jónína Einarsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2011). Intrafamilial conflict and emotional well-being: A population based study among Icelandic adolescents. *Child Abuse & Neglect*, 35, 372-381.
- Hirschi, T. (1969). *Causes of delinquency*. California: University of California Press.
- Hrefna Pálsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Sigfússon og Álfgeir Logi Kristjánsson, 2013. *Ungt Fólk 2013. Menntun, menning, íþróttir, tómstundir, hagir og líðan nemenda í 5., 6. og 7. bekk*. Reykjavík: Rannsóknir og Greining.
- Hrefna Pálsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Sigfússon og Álfgeir Logi Kristjánsson. (2011). *Ungt Fólk 2011. Menntun, menning, íþróttir og tómstundir, hagir og líðan nemenda í 5., 6. og 7. bekk*. Reykjavík: Rannsóknir og Greining.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson og Allegrante, J.P. (2007). Health Behavior and Academic Achievement in Icelandic School Children. *Health Education Research*, 22, 70-80.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Gísli Guðjónsson og Jón Friðrik Sigurðsson. (2013). Suicidal ideations and attempts among adolescents subjected to childhood sexual abuse and family conflict/violence: the mediating role of anger and depressed mood. *Journal of Adolescence*, 36, 1227-1236.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Gísli Guðjónsson og Jón Friðrik Sigurðsson. (2011). Physical activity buffers the effects of family conflict on depressed mood: A study on adolescent girls and boys. *Journal of Adolescence*, 34, 895-902.

- Inga Dóra Sigfúsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Gísli Guðjónsson og Jón Friðrik Sigurðsson. (2008). A model of sexual abuse's effects on suicidal behavior and delinquency: The Role of emotions as mediating factors. *Journal of Youth and Adolescence*, 37, 699-712.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir, Gísli Guðjónsson og Jón Friðrik Sigurðsson. (2010). Bullying and delinquency. The mediating role of anger. *Personality and Individual Differences*, 48, 391-396.
